

Tölur um Reykjanesbæ



2009

Ágæti íbúi

Á hverju ári eru lagðir fram ársreikningar Reykjanesbæjar.

Sundurgreining þeirra gefur margvíslegan fróðleik sem hér er unnið með. Við höfum reynt að gera efnið aðgengilegt, þannig að það sé upplýsandi fyrir þig.

Hér er á ferðinni ákveðin tilraun sem leggur áherslu á skýra framsetningu. Fróðlegt væri að vita viðbrögð þín við henni. Ef íbúum líkar þessi framsetning er það hugmynd okkar að endurbæta efnið reglulega og auka við það.

Hvað borgar þú mikið fyrir götulýsinguna? Hvað kostar að hafa eitt barn í grunnskóla? Hvað kostar að hafa barn í leikskóla og hvað greiða foreldrar stóran hluta af því? Hvað kostar rekstur safna og sýninga og hátíðarhalda fyrir hvern íbúa? Hvað kostar að reka íþróttamannvirki bæjarins? Hvað kostar að bjóða ókeypis í sund og í strætó?

Þetta eru nokkrar þeirra spurninga sem svarað er í þessu kynningarefni sem hér er birt.

Með góðri kveðju,




Árni Sigfússon
bæjarstjóri

Efnisyfirlit

Fjölgun íbúa og húsnæðis	3
Rekstrartekjur	4
Niðurstaða af rekstri	5
Efnahagsreikningur	6
Lykiltölur	7
Félagsleg aðstoð	8
Húsaleigubætur.	9
Umönnunargreiðslur	10
Grunnskólar	11
Leikskólar	12
Menningarstarf	13
Hátíðarhöld	14
Íþróttir og tómstundir.	15
Umferðar- og samgöngumál.	17
Dæmi um meðalútsvar skattframtals	20
Árbók sveitarfélaga	21

Fjölgun íbúa og húsnæðis



Samanburður á fjölgun íbúa og íbúðarhúsnæðis árin 1994 - 2008

Fjölgun íbúa hefur verið mikil í sveitarfélaginu frá stofnun þess árið 1994. Íbúafjölgunin er 36,1% frá árinu 1994.

Mesta fjölgunin var á árunum 2006 til 2008 eða 19,1% á tímabilinu.

Af þeim 7.190 íbúðum sem eru skráðar hjá Reykjanesbæ eru 1.300 íbúðir á Ásbrú ekki í notkun.


Rekstrartekjur

Samanburður á skatttekjum með jöfnunarsjóði milli ára

Skatttekjur:


Skatttekjur með jöfnunarsjóði hafa aukist um 130% frá árinu 2002 til 2009 eða úr 2,5 milljörðum í 5,9 milljarða á verðlagi hvers árs. Skatttekjur án jöfnunarsjóðs hafa aukist um 114,2% fyrir sama tímabil. Á sama tíma hefur íbúafjöldun verið 29,1%.

Skipting rekstrartekna ársins 2009




Ef einungis er litið til skatttekna eru útsvarstekjur langstærsti hluti skatttekna eða 71%.

Þegar litið er á rekstrartekjur þá eru útsvarstekjur 61%.




Niðurstaða af rekstri



Rekstrarniðurstaða fyrir bæjarsjóð fyrir árin 2002-2009

Uppsöfnuð rekstrarniðurstaða áruna 2002 til 2009 skilar 5,8 milljörðum í afgang á verðlagi hvers árs.



Rekstrarniðurstaða samstæðu fyrir árin 2002-2009


Uppsöfnuð rekstrarniðurstaða áruna 2002 til 2009 skilar 367 m.kr. fyrir samstæðu í afgang á verðlagi hvers árs.

Efnahagsreikningur

Eignir og skuldir bæjarsjóðs á verðlagi hvers árs

Eignir bæjarsjóðs hafa aukist um 156% frá árinu 2002 til ársins 2009 eða úr 9,4 milljörðum í 24,2 milljarða.



Skuldir bæjarsjóðs hafa aukist um 151% frá árinu 2002 til ársins 2009 eða úr 5,6 milljörðum í 14,1 milljarð.



Eignir og skuldir samstæðu á verðlagi hvers árs

Eignir samstæðu hafa aukist um 251% eða úr 11,4 milljörðum í rúma 40 milljarða.

Skuldir samstæðu hafa aukist um 249% eða úr 8,4 milljörðum í 29,2 milljarða.




Eigið fé 2002-2009 á verðlagi hvers árs

Eigið fé bæjarsjóðs hefur aukist um 165% frá árinu 2002 til ársins 2009 eða úr 3,8 milljörðum í 10,1 milljarð.

Eigið fé samstæðu hefur aukist á sama tíma um 186% eða úr 3 milljörðum í 8,7 milljarða.

Lykiltölur



Veltufjárhlutfall

Veltufjárhlutfall sýnir okkur hversu líklegt fyrirtæki er til að standa straum af skuldum sem þarf að greiða á komandi ári. Þá er skoðað hlutfall þeirra krafna sem fyrirtækið innheimtir á næsta ári og hlutfall þeirra skulda sem þarf að greiða á komandi ári. Því hærra sem hlutfallið er, þeim mun líklegra er að fyrirtæki getur staðið í skilum.

Veltufjárhlutfall = Veltufjármunir / Skammtímaskuldir.

Veltufjárhlutfall bæjarsjóðs árið 2009 er mjög nálægt því sem það var árið 2002.

Veltufjárhlutfall samstæðu árið 2009 er mjög nálægt því sem það var árið 2002.


Eiginfjárhlutfall

Eiginfjárhlutfall gefur til kynna hversu hátt eigið fé er í hlutfalli við heildarfjármagn fyrirtækis. Ef eiginfjárhlutfall er 40% þá er hlutfall skulda í heildarfjármagni 60%. Eiginfjárhlutfallið gefur til kynna hvernig fyrirtæki er fjárhagslega stött til að mæta mótbyr, auknum fjármagnskostnaði og taprekstri.

Eiginfjárhlutfall = Eigið fé / Skuldir og eigið fé.

Eiginfjárhlutfall bæjarsjóðs árið 2009 er mjög svipað og það var árið 2002.


Eiginfjárhlutfall samstæðu árið 2009 er mjög svipað og það var árið 2002.



Félagsleg aðstoð


Með breyttu efnahagsástandi í þjóðfélaginu hefur framlag til fjárhagsaðstoðar stórukist hjá Reykjanesbæ. Aukningin milli ára 2008 og 2009 er 72%.

Samanburður milli ára á framlagi vegna fóstunar og vistunar á verðlagi hvers árs



Eins og sjá má er töluverð aukning í fóstunar- og vistunarmálum. Á milli ára 2008 og 2009 er aukningin 32%. Ef þróunin er skoðuð frá árinu 2002 hefur framlag bæjarins til þessa málaflokks hækkað um 70% á meðan vísitala neysluverðs hefur hækkað um 55%.

Samanburður milli ára á fjárhagsaðstoð á verðlagi hvers árs




Húsaleigubætur

Veruleg aukning hefur orðið á fjölda þeirra íbúa sem þiggja húsaleigubætur og á árinu 2009 voru þeir 1.359.


Þessi fjöldi er tæp 10% af íbúafjölda bæjarins 2009.

Aukning húsaleigubóta milli árunna 2008 og 2009 var 66%.


Hér má sjá samanburð milli ára á hlutfalli íbúa sem nýta sér húsaleigubætur



Samanburður milli ára á heildarkostnaði húsaleigubóta á verðlagi hvers árs




Samanburður milli ára á fjölda bótaþega húsaleigubóta




Umönnunargreiðslur

Aukning varð á umönnunargreiðslum eftir breytingar á úthlutunarreglum og fóru þær úr 35,8 m.kr. á árinu 2006 í 79,3 m.kr. á árinu 2009. Greiðsla með hverju barni frá því fæðingarorlofi lýkur og þar til barnið fer á leikskóla við 2ja ára aldur nemur kr. 25.000 á mánuði.




Samanburður milli ára á umönnunargreiðslum á verðlagi hvers árs



Grunnskólar



Samanburður milli ára á kostnaði fyrir hvert barn í grunnskólum á verðlagi hvers árs



Hvað kostar eitt grunnskólapláss árlega?

Kostnaður við eitt grunnskólapláss á árinu 2009 er kr. 1.128.482.

Kostnaður hefur aukist um 109% frá árinu 2002 til 2009. Vísitala neysluverðs er 55% fyrir sama tímabil og íbúafjölgun er 29,1%.


Þess má geta að Reykjanesbær hefur greitt niður skólamáltíð grunnskólabarna. Nemendur greiða 45% af skólamáltíðinni og Reykjanesbær greiðir 55%.

Skólamáltíðin er **kr. 215** sem er með því lágsta hjá sveitarfélögum.

Leikskólar

Kostnaður Reykjanesbæjar við eitt leikskólaláss er kr. 1.529.640.
Kostnaður hefur aukist um 135% frá árinu 2002 til 2009.
Vísitala neysluverð er 55% fyrir sama tímabil og íbúafjöldgun er 29,1%.
Reykjanesbær hefur náð að útrýma biðlistum eftir leikskólalássi á tímabilinu.


Samanburður milli ára á kostnaði við hvert barn í leikskólum á verðlagi hvers árs



Kostnaður hefur aukist milli ára eins og meðfylgjandi mynd sýnir

Foreldrar greiða einnig hluta af kostnaði við að setja barn í leikskóla.
Á árinu 2009 var hlutur foreldra 14,9% og hlutur Reykjanesbæjar 85,1%.


Kostnaðarhlutdeild foreldra við leikskólaláss barna sinna hefur minnkað milli ára eða úr 26,3% á árinu 2002 í 14,9% á árinu 2009.




Menningarstarf

Mikilvægur hluti menningu okkar er fólgin í varðveislu muna og verka. Rekstur safna bæjarins hefur farið úr 63,3 m.kr. á árinu 2002 í 156,4 m.kr. á árinu 2009 sem þýðir að aukningin hefur verið 147% á tímabilinu í samanburði við 55% hækkun á vísitölu neysluverðs og íbúafjölgun er 29,1%.


Má bjóða þér á safn?



Samanburður milli ára á rekstri safna á
verðlagi hvers árs og íbúafjölgun er 29,1%



Hátíðarhöld



Samanburður milli ára á framlagi til hátíðarhalda á vegum bæjarins á verðlagi hvers árs og íbúafjölgun er 29,1%

Reykjanesbær hefur lagt metnað sinn í hátíðarhöld bæjarins og hefur reynt að halda kostnaði í lágmarki á sama tíma.

Fyrir kr. 1.208 á íbúa er innifalið: barnhátíðir, tendrun jólatrésins, þrettándagleði, öskudagshátíð og hátíðarhöld á 17. júní að ógleymdri Ljósanótt.



Má bjóða þér á hátíð?



Innifalið er: barnhátíðir, jóla- og þrettándagleði ásamt öskudagshátíð og hátíðarhöld á 17. júní að ógleymdri Ljósanótt


Íþróttir og tómstundir

Talsverð aukning hefur orðið á framlagi Reykjanesbæjar til tómstunda- og íþróttafélaga. Samtals er aukningin frá árinu 2002 úr 119,7 m.kr. í 304,9 m.kr. eða um 155% fyrir tímabilið. Vísitala neysluverðs er 55% fyrir sama tímabil og íbúfjöldun er 29,1%. Í þessum tölum eru meðtaldir beinir styrkir til íþróttafélaga og tómstundafélaga sem og frí afnot þeirra af íþróttamannvirkjum bæjarins.

Rekstur við íþróttamannvirki bæjarins hefur hækkað úr 124 m.kr. á árinu 2002 í 456,2 m.kr. á árinu 2009 eða um 268% fyrir tímabilið. Rekja má stærstu aukninguna til viðbyggingar við Vatnaveröld - sundmiðstöð á árinu 2006 þegar byggð var innlaug og innileikjagarður.


Samanburður milli ára á kostnaði vegna tómstunda- og íþróttafélaga á verðlagi hvers árs

Kostnaður á hvern íbúa vegna tómstunda- og íþróttafélaga er kr. 21.654



Samanburður milli ára á rekstri íþróttamannvirka á verðlagi hvers árs

Kostnaður á hvern íbúa vegna reksturs íþróttamannvirka er kr. 32.395




Má bjóða þér í sund?






Samanburður milli ára á kostnaði vegna tómstundastarfs barna og unglunga á verðlagi hvers árs

Framlög til tómstundastarfs barna og unglunga hafa farið úr 69,4 m.kr. á árinu 2002 í 136,8 m.kr. á árinu 2009 eða hækkað um 97,1% fyrir tímabilið. Vísitala neysluverðs er 55% fyrir sama tímabil og íbúafjöldun er 29,1%. Á árunum 2003 og 2004 var mikil aukning hjá vinnuskólanum og svo aftur á árinu 2009. Frístundaskólinn var rekinn árin 2003 og 2004 með tómstundastarfinu.



Samanburður milli ára á kostnaði Reykjanesbæjar við tónlistarskóla á verðlagi hvers árs



Tónlistarnám:

Kostnaður Reykjanesbæjar við rekstur tónlistarskólans hefur farið úr 27,3 m.kr. á árinu 2002 í 154,6 m.kr. á árinu 2009 eða aukist um 96,8% á meðan að vísitala neysluverðs fyrir sama tímabil er 55% og íbúafjöldun er 29,1%.


Umferðar- og samgöngumál

Strætó


Með því að gefa frítt í strætó jókst notkun vagnanna og umferðaröryggi barna var stórbætt. Kostnaður við rekstur strætó á árinu 2009 var kr. 75.472.467 eða kr. 5.360 á hvern íbúa. Kostnaður við leiðakerfið lækkaði á árinu 2009 frá árinu 2008 er tekið var upp nýtt leiðakerfi á haustmánuðum 2008 sem leiddi til hagræðingar.




Má bjóða þér í strætó?



Samanburður á rekstri strætó milli ára með tilliti til heildarkostnaðar á verðlagi hvers árs



Samanburður á rekstri strætó milli ára með tilliti til kostnaðar á hvern íbúa á verðlagi hvers árs




Umferðar- og samgöngumál

Snjómokstur og hálkueyðing

Reykjanesbær hefur ekki þurft að setja mikið í snjómokstur og hálkueyðingu fyrir utan árið 2008 þegar vetrarmánuðirnir voru óvenju harðir á suðvesturhorninu.




Samanburður milli ára á kostnaði vegna snjómoksturs og hálkueyðingu á verðlagi hvers árs



Umferðar- og samgöngumál

Götulýsing

Samanburður milli ára á kostnaði vegna
götulýsingar á verðlagi hvers árs



Götulýsingu Reykjanesbæjar er stýrt
eftir tíma og birtu.

Með stækkun bæjarfélagsins hefur
kostnaður við götulýsingu aukist
nokkuð.

Kostnaður við að lýsa upp bæjarfélagið
er 3.825 kr. á hvern íbúa.

Dæmi um meðalútsvar skattframtals

Forsenda:	
Hjón m. 2 börn - 1 á leikskóla og 1 í grunnskóla	
Meðalútsvar	781.382,-
Meðalfacteignagjöld	224.036,-
Meðal fræml. jöfnunarsj.	255.464,-
1 barn í leikskóla	1.529.640,-
1 barn í grunnskóla	1.128.482,-
	<hr/>
	-1.397.240,-
	<hr/> <hr/>


Árbók sveitarfélaga

Heildarskatttekjur sveitarfélaga 2008

Skatttekjur Reykjanesbæjar eru með þeim lægstu á landinu. Sveitarfélagið býður sömu þjónustu og jafnvel betri en önnur sveitarfélög þrátt fyrir lægri tekjugrunn.

10 stærstu sveitarfélögin á landinu eru: Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Akureyri, Reykjanesbær, Garðabær, Mosfellsbær, Árborg, Akranes, og Fjarðarbyggð.



Í árbókinni kemur fram að **Reykjanesbær er með lægstu skatttekjur á hvern íbúa á landinu**. Skatttekjur á íbúa í Reykjanesbæ eru 382 þúsund krónur en meðaltal skatttekna sveitarfélaga á landinu er tæplega 447 þúsund krónur á íbúa. Munurinn nemur rúmum 64 þúsund krónum á íbúa sem **samsvarar 915 milljónum kr. í auknar skatttekjur árið 2008**, væri Reykjanesbær að njóta skatttekna á hvern íbúa eins og meðalsveitarfélag.



Árbók sveitarfélaga

10 stærstu sveitarfélögin á landinu eru: Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Akureyri, Reykjanesbær, Garðabær, Mosfellsbær, Árborg, Akranes, og Fjarðarbyggð.

Samanburður launakostnaðar á íbúa ársins 2008



Fjöldi starfsmanna á íbúa

Eins og sést á meðfylgjandi súluriti er Reykjanesbær með næstlægsta hlutfall af fjölda starfsmanna á hvern íbúa eins og fram kemur í árbók sveitarfélaga.

Launakostnaður á hvern íbúa er með þeim lægri hjá Reykjanesbæ eins og fram kemur í árbók sveitarfélaga.